

HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

Odda v/Sturlugötu

Sími: 525 4535/525 4500

Fax: 525 4096

Heimasíða: www.ioes.hi.is

Tölvufang: tth@hi.is

Skýrsla nr. C04:04

Hagræn stefnumótun fyrir Húnaþing vestra


Skýrsla til sveitarfélagsins Húnaþingi vestra

Júlí 2004

Formáli

Eftirfarandi skýrsla um hagræna stefnumótun í Húnaþingi vestra er unnin af Ásgeiri Jónssyni, sérfræðingi á Hagfræðistofnun fyrir sveitarfélag Húnaþings vestra. Í skýrslunni er reynt að varpa ljósi á þau tækifæri sem sveitarfélagið hefur til uppbyggingar og viðhalds hagsældar. Auk þess eru skoðaðar núverandi aðstæður og þær metnar í ljósi breytinga á samgöngum, búskaparháttum og íslensku samfélagi í gegnum tíðina.

Hagfræðistofnun í júlí 2004



Tryggvi Þór Herbertsson
forstöðumaður Hagfræðistofnunar

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| Ágrip | 7 |
| Inngangur..... | 11 |
| 1. Fjarlægðir og landfræðileg staða..... | 12 |
| <i>Fjarlægðir frá héraði.....</i> | <i>12</i> |
| <i>Fjarlægðir innan héraðs.....</i> | <i>13</i> |
| <i>Fjarlægðir, saga og hlutverk.....</i> | <i>14</i> |
| 2. Félagslegur styrkur Húnaþings vestra..... | 16 |
| <i>Um félagslegan styrk smábæja.....</i> | <i>16</i> |
| <i>Félagsleg Grunngerð Hvammstanga.....</i> | <i>17</i> |
| 3. Atvinnumál..... | 19 |
| <i>Landfræðileg sérstaða og atvinnulíf í Húnaþingi vestra.....</i> | <i>19</i> |
| <i>Atvinnulíf á Hvammstanga</i> | <i>20</i> |
| <i>Horfur í sauðfjárrækt</i> | <i>21</i> |
| <i>Ferðamennska</i> | <i>23</i> |
| 4. Tillögur til eflingar búsetu í Húnaþingi vestra | 25 |
| 4.1 Stefnumörkun og svæðisbundin þróun | 25 |
| <i>Fjölgun fólks í Húnaþing vestra með dulinni búsetu.....</i> | <i>25</i> |
| <i>Styrking þéttbýlisöxulsins Hvammstangi-Laugarbakki.....</i> | <i>26</i> |
| 4.2 Atvinnustefna | 30 |
| <i>Útrás og sókn í atvinnumálum</i> | <i>30</i> |
| <i>Landbúnaður verði viðurkenndur sem styrkleiki héraðsins</i> | <i>31</i> |
| 4.3 Skipulagning og markaðssetning | 33 |
| <i>Samhæfing og samræming markaðssetningar</i> | <i>33</i> |
| 4.4 Skipuleg landnýting | 35 |
| 5. Lokaorð..... | 36 |
| Heimildaskrá..... | 37 |

Ágrip

Lýsing

Húnaþing vestra liggur miðja vegu á milli tveggja stærstu þéttbýlissvæða landsins fyrir norðan og austan og hefur því þá sérstöðu að vera jaðarsvæði í þjóðbraut, og náttúrulegur áningarstaður fyrir ferðamenn. Hvammstangi er óskoraður þjónustukjarni fyrir svæðið þrátt fyrir að vera tiltölulega smár. Þar er að finna mun fjölbreyttari þjónustu, atvinnu og félagslíf en búast mætti við fyrir byggðakjarna af þessari stærð, en fjarlægð frá öðrum stórum þéttbýlissstöðum skapar ákveðið skjól fyrir margs konar þjónustu. Eins og tekið er fram í skipulagi fyrir svæðið er það ein stærsta gróðurþekja landsins, vel gróin en hvergi sjást merki um ofbeit, en þéttni búskapar og byggðar er minni en í þeim héruðum er hafa meiri jarðarfrjósemi á hvern hektara. Fjórir þéttbýlisvísar með þjónustuhlutverk fyrir utan Hvammstanga, sem hefðu getað safnað um sig fólki og húsum, eru til staðar í Húnaþingi vestra. Þar má fyrst nefna Stað, en í landi Staðar er rekin veitingastaðurinn Staðarskáli sem auk þess rekur gistiheimili og hefur á sínum snærum ýmsa þjónustu fyrir sveitina og ferðamenn sem leið eiga um. Hér á eftir verður nafn Staðarskála notað jöfnum höndum um þéttbýlisvísinn í heild sinni eða um veitingastaðinn sjálfan. Næst má telja Víðihlíð sem gegnir sérhæfðu þjónustuhlutverki við ferðamenn á hringveginum. Reykir í Hrútafirði koma því næst með fyrrum héraðsskóla og byggðasafn. En loks má telja Laugarbakka í Miðfirði sem eru að mestu leyti þjónustumiðstöð við sitt nánasta umhverfi. Nálægð við hringveginn, rekstur framhaldsskóla og menningarstarfsemi sem safnrekstur eru allt mikilvægir þættir sem hafa jákvæð samlegðaráhrif þegar þeir njóta nálægðar hvers annars eins og í þéttbýli. Það má því auðveldlega ímynda sér að Hvammstangi væri í dag bæði stærri og öflugri þéttbýliskjarni ef bænum hefði verið lagt þetta þrennt til á sínum tíma.

Félagsleg grunngerð

Samkvæmt rannsókn Stefáns Ólafssonar (1997) á orsökum búferlaflutninga eru litlir þéttbýlisstaðir með 200 til 1.000 íbúa verstu búsetusvæði landsins. Stefán heldur því fram að það séu slæm búsetuskilyrði fremur en skortur á atvinnu sem reka áfram búferlaflutninga til Reykjavíkur. Hins vegar bendir ekkert til annars en að þessu sé öfugt farið í Húnaþingi vestra, þar sem heimamönnum finnst landfræðileg lega og félagsleg grunngerð héraðsins vera kostur, en framboð af störfum og húsnæði

takmarki fyrir búsetu. Ennfremur má benda á að atvinnutekjur á Norðurlandi vestra eru þær lægstu á landinu þannig að fólk virðist tilbúið til að fórna tekjum til að búa í Húnaþingi vestra. Það bendir til þess að aðstæður í atvinnulífi, fremur en félagslífi, séu helsti orsakavaldurinn að baki búferlaflutningum.

Atvinnuhættir

Hvammstangi er fyrst og fremst þjónustu- og úrvinnslukjarni fyrir svæðið. En ólíkt flestum öðrum byggðarlögum hefur sjávarútvegur einungis verið í aukahlutverki. Síðustu 20 árin hefur orðið almennur samdráttur í landbúnaði, einkum í sauðfjárrækt og bakland Hvammstanga hefur skroppið saman. Á sama tíma hefur verið mikill þrýstingur á hagræðingu og samþjöppun í úrvinnslugreinum. Mjólkurbúið var lagt niður 2002 og blikur eru á lofti hvað varðar slátrun. Byggðarlagið hefur orðið leiksoppur sömu breytinga er hafa gengið nærri flestum ef ekki öllum byggðalögum á landsbyggðinni. Það sem aðgreinir Hvammstanga frá öðrum bæjum af sömu stærð er mikill fjöldi smárra fyrirtækja sem njóta fjarlægðarverndar. En þrátt fyrir að bærinn liggja utan hringvegarins má vel merkja áhrif bílumferðarinnar frá honum en á þar er að finna tvö bílaverkstæði, bílasprautun og bílasölu sem þjónar Norðurlandi vestra. Ennfremur eru smíðaðar hestakerrur á staðnum. Hægt er að nefna þetta sem dæmi um kjarnamyndun, þ.e. hvernig að ákveðin tegund atvinnustarfsemi safnast saman á einum stað. Tilvist margra smáfyrirtækja er kostur í atvinnulegu tilliti þar sem eggjunum er dreift í margar körfur. Áhersla á þjónustu og þekkingu er helsta forsenda þess að svæðið eigi sér framtíð í þeirri umbyltingu sem á sér stað um þessar mundir í atvinnuháttum landsins þar sem iðnaður og frumvinnsla minnka stöðugt að umfangi.

Tillögur

Tillaga A. Efla þarf dulda búsetu og almenna ferðamennsku.

Tvíþætt stefnumörkun í ferðaþjónustu: Annars vegar þarf að huga að þeim sem eru á hraðferð og hins vegar þeim sem vilja dvelja lengur. Miklir möguleikar eru fógirnir í því að auka dulda búsetu, en í því felst að fólk dvelst um lengri eða skemmri tíma í sveitarfélaginu án þess þó að vera skráð þar til heimilis, en gott dæmi um slíkt væru gestir í sumarbústöðum. Með þessu væri markaðskostur byggðarlagsins aukinn til muna, hátt stig verslunar og þjónustu fest í sessi og stoðum rennt undir betri nýtingu fjármuna og innviða.

Tillaga B. Efla þarf þéttbýlisöxulinn Hvammstangi – Laugarbakki

Báðir staðir þurfa að njóta styrkleika hvors annars. Laugarbakki er hlið Hvammstanga að hringveginum og ætti að þjóna þeim sem eru á hraðferð í gegnum sýsluna. Hvammstangi þarf aftur á móti að miða sitt þjónustuhlutverk við þá sem hafa úr meiri tíma að spila. Það verður gert með því að:

- styrkja miðbæ staðarins svo hægt sé að fá fólk til þess að stoppa og stíga út úr bílunum,
- koma á fót selasafni á Hvammstanga til að auka aðdráttarafl staðarins og tengja við selaskoðun á Vatnsnesi,
- marka sérstöðu sem handverksmiðstöð. Á Hvammstanga er nú þegar afbragðsgóð hannyrðaverslun, Gallerí Bardúsa og sala á prjónavörum, auk kaupfélagsins.

Tillaga C. Styðja þarf við útrás fyrirtækja

Vestur-Húnvetningar þurfa að huga sífellt að því hvort og hvernig þeir geta stuðlað að útrás fyrirtækja sinna, þar sem í því felast ótvíræðir möguleikar sem jafnvel geta – ef vel er á haldið – haft ríkari velferðaráhrif í héraðinu en innrás fyrirtækja að utan með styrkingu þeirra innviða sem fyrir eru.

Tillaga D. Landbúnað þarf að viðurkenna sem styrkleika héraðsins

Íslenskur landbúnaður á sér framtíð og hana er að finna í Húnaþingi vestra. Þetta er staðreynd – sökum landkosta og landfræðilegrar legu héraðsins – sem koma þarf á framfæri svo það öðlist viðurkenningu á sérstöðu sinni í augum stjórnvalda og fólksins í landinu.

Tillaga E. Efla þarf markaðssetningu

Húnaþing vestra vantar samhæfingu og samræmingu í markaðssetningu og ímyndarsköpun. Þrátt fyrir að héraðið sé í alfaraleið virðast margt vera á huldu fyrir utanaðkomandi aðilum, Íslendingum sem útlendingum, um hvað þar er að finna. Stofnun sérstakrar vefsíðu fyrir Húnaþing vestra er ákaflega nauðsynleg. Síðan yrði gátt að öllu því sem héraðið hefði upp á bjóða, auk þess að þjóna héraðsbúum með fréttum og smáauglýsingum.

Tillaga F. Skipuleggja þarf landnýtingu

Helstu auðlindir Húnaþings vestra eru land og náttúra. Nú má sjá nýtt landnýtingarform verða þrávallt algengara en þar er frístundaiðkun í aðalhlutverki. Nýtingaráætlanir geta vonandi sætt ólíka hagsmuni og skapað samræmi á milli almannahagsmuna og eignarréttar. Hér er stungið upp á tveimur áætlunum:

- *Nýtingaráætlun fyrir Vatnsnes.* Vatnesshringurinn mun verða burðarásinn í uppbyggingu ferðaþjónustu í Húnaþing vestra, bæði vegna einstakrar náttúru svæðisins og stöðu Hvammstanga sem hliðgáttar að svæðinu.
- *Nýtingaráætlun fyrir Arnarvatns- og Víðidalstunguheiði.* Þörfin hefur minnkað fyrir afréttarlönd og þessar heiðar eru stærstu ósnortnu vatnasvæði landsins með gífurlegum möguleikum til útivistar og náttúruskoðunar, sem eru nálægt ekkert nýttir.

Inngangur

Svo hefur oft mátt skilja af þjóðfélagsumræðu að íbúar landsbyggðarinnar séu fyrst og fremst leiksoppar ytri aðstæðna. Búsetan hringinn í kringum landið ráðist af þáttum sem fólkið sjálft getur ekki haft nein áhrif á nema því aðeins að tryggja sér fyrirgreiðslu ríkisvaldsins. Þetta er hættulegt viðhorf. Að vísu má að vísu til sanns vegar færa að mjög sterkir straumar hafa rekið áfram breytingar á búsetu hringinn í kringum landið. Hér mætti nefna lækkun flutningskostnaðar, hnignun frumvinnslugreina, frelsisvæðingu í efnahagslífinu og almennar breytingar á lífsháttum. En flestar breytingar fela í sér bæði tækifæri og ógnanir og núverandi straumar í atvinnulífi þurfa ekki að vera landsbyggðinni að öllu leyti í óhag. Einstaklingar, fyrirtæki og bæjarfélög á landsbyggðinni hafa enn fullt svigrúm til þess að vera sinnar eigin gæfu smiðir. Raunar má færa sterk rök fyrir því að frumkvöðlar skipti meira máli nú en nokkru sinni áður þar sem lítil og meðalstór fyrirtæki eru leiðandi í atvinnusköpun í iðnvæddum ríkjum. Ennfremur, má færa góð rök fyrir því að framsýn stefnumótun geti skilað miklu þar sem bæjarfélög reyna að bregðast við straumum tímans og færa sér í nyt fremur en að láta sig berast með þeim.

Á síðustu árum hafa orðið miklar framfarir í hagrænni byggðafræði (e. *spatial economics*) sem snúa einkum að því að reyna að kortleggja áhrif kjarnamyndunar og flutningskostnaðar. Í þessari stuttu skýrslu er þess freistað að nýta þessar fræðilegu nýjungar til þess að vinna hagræna stefnumótun fyrir Húnaþing vestra. Þetta er að sumu leyti brautryðjendaverkefni. Húnaþing vestra er mjög dreifbýlt og fámennt svæði og þarf að huga mjög vandlega að því hvernig kjarnamyndun getur orðið við slíkar aðstæður. Svæðið er einnig fjarri megin þéttbýliskjörnunum tveimur fyrir norðan land og sunnan og telst því jaðarsvæði að því leyti. Hins vegar, sú staða að vera á mitt á milli í þjóðbraut getur einnig talist kostur sem nauðsynlegt er að færa sér í nyt og af þeim sökum. Þrátt fyrir smæðina, má færa rök fyrir því að Húnaþing vestra sé frjótt umhverfi fyrir nýsköpun og frumkvöðla í ljósi hve mikill fjölbreytileiki einkennir atvinnulíf þar nyrðra. Þegar þetta er lagt saman bendir fátt til annars en íbúar Húnaþings vestra geti verið sinnar eigin gæfu smiðir.

1. Fjarlægðir og landfræðileg afstaða

Staða Húnaþings vestra markast að miklu leyti af landfræðilegum aðstæðum. Héraðið liggur fjarri stærstu þéttbýlissvæðum landsins og ytri fjarlægðir eru markandi fyrir atvinnu- og félagslíf í héraðinu. Héraðið sjálft er einnig mjög dreifbýlt og miklar fjarlægðir á milli fólks innan héraðs. Þá hefur sagan lagt til nokkuð örlagaríkar fjarlægðir á milli fólks. Skal nú hver þessara þátta tekin fyrir.

Fjarlægðir frá héraði

Húnaþing vestra telst jaðarsvæði í þeim skilningi að það liggur fjarri helstu þéttbýlissvæðum landsins fyrir norðan land og sunnan. Þessi fjarlægð frá öðru þéttbýli er sá drösum sem jaðarbyggðir þurfa að draga í samkeppni við önnur byggðarlög um fólk og fyrirtæki. Þessi samkeppni er háð á tvennum vígstöðvum. Á grundvelli atvinnu, launa og kostnaðarhagræðis, en einnig á sviði félagslegra aðstæðna, tækifæra og lífskjara. Raunar er svipað ástatt með mörg önnur svæði, s.s. Vestfirði eða Norðausturland, en sérstaða Húnaþings vestra felst í því að það liggur einnig miðja vegu í þjóðbraut á milli Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins. Þessi tvöfaldi eiginleiki að vera jaðarsvæði í þjóðbraut hefur mótandi áhrif á byggð í héraðinu.

Fjarlægðin frá tveimur stærstu þéttbýlissvæðum landsins hefur þann kost að helsti þéttbýliskjarni sýslunnar, Hvammstangi, er óskoraður þjónustukjarni fyrir svæðið þrátt fyrir að vera tiltölulega smár. Þar er að finna mun fjölbreyttari þjónustu, atvinnu og félagslíf en búast mætti við í byggðakjarna af þessari stærð. Ef brugðið væri á þann leik sem Íslendingum er svo gjarnt að stunda í samanburði við stórbjóðir, að miða allt út frá höfðatölu, má leiða að því getum að Hvammstangi fái einna hæstu einkunn meðal þéttbýliskjarna landsins á sviðum er varða félagslega virkni og fjölbreytileika í atvinnu. Af þeim sökum stendur Húnaþing vestra uppi sem heilsteyptari og sjálfstæðari eining – bæði hvað varðar atvinnu og félagslíf – en ef svæðið væri aðeins bakland fyrir stærra þéttbýli. Ókosturinn við hinar miklu fjarlægðir til annars þéttbýlis er vitanlega sá að sýslubúar eiga örðugan aðgang að ýmsri þjónustu sem stórum stöðum er aðeins unnt að veita. Fjarlægðin frá helstu markaðssvæðum þýðir einnig að töluverður flutningskostnaður fellur til ef fyrirtæki innan héraðs ætla að koma vörum sínum á markað. Þetta þrengir möguleika í atvinnustarfsemi, en skapar einnig tækifæri fyrir ákveðnar greinar sem þurfa mikið landrymi og eru síður háðar kostnaði við

aðdrætti og sölu eins og nánar verður vikið að síðar. Að vísu mun svæðið færast nær Reykjavík með samgöngubótum – svo sem Sundabraut – er munu auka möguleika svæðisins í þessu tilliti.

Sú staðsetning að vera miðju vegu á milli tveggja helstu þéttbýlissvæða landsins gerir sýsluna að náttúrulegum áningarstað fyrir ferðamenn. Raunar má segja með nokkrum rétti að þjóðvegur 1 færi töluverðan markaðskost frá helstu þéttbýlissvæðum landsins og inn í Vestur-Húnavatnssýslu þegar ferðafólk ekur þar í gegn. Jafnvel þó hver ferðamaður dvelji aðeins í sýslunni í 1-2 tíma – eftir aksturshraða eða áningartíma. Af þeim sökum ætti ýmis konar þjónusta einnig að eiga sér sterkari bakhjarl í sýslunni en ef héraðið væri jaðarsvæði í sama skilningi og Norður-Þingeyjarsýsla eða Vestur-Barðastrandasýsla. Í því framhaldi mætti velta fyrir sér hvort telja megi þjóðveg 1 eitt helsta athafnasvæði sýslunnar og þá lífæð sem gæti nært úr framtíðarvöxt.

Fjarlægðir innan héraðs

Húnaþing vestra er eitt best gróna svæði Íslands og stærsta gróðurþekja landsins ef Suðurlandsundirlendið er undanskilið. Alls er sýslan 2.580 ferkílómetrar að flatarmáli og þar af er gróið land 71% og eru merki um uppblástur lítt sjáanleg. Þó sýslan sé vel gróin er hún ekki að sama skapi gróðursæl. Svæðið er opið fyrir norðanáttum og meðalhiti þar er t.d. nálægt 2 stigum lægri en í Reykjavík og sumrin eru mun kaldari en á Akureyri. Veðurfari í Vestur-Húnavatnssýslu hefur svo verið lýst að það sé svalt, snjólétt og frekar þurrt, vorkalt og síðgróið en oftast með viðunandi sumartíð. Suðvesturhluti héraðsins einkennist af grunnum grösugum dölum aðskildum af lágum, algrónum hálsnum. Ennfremur eru heiða og afréttarlönd svæðisins mjög víðlend. Þetta eru hallalitlar hásléttur, votlendar, grösugar og vötnum stráðar. En óvíða er að finna jafnmörg vötn og ár á ekki stærra svæði. Húnaþing vestra er frá náttúrunnar hendi eitt besta beitarnland landsins sökum landrýmis og beitarpóls. En þessi sömu landfræðilegu einkenni gera það að verkum að þéttni búskapar og byggðar er t.d. mun minni en í þeim héruðum er hafa meiri jarðarfrjósemi á hvern hektara og þéttari búskap, s.s. í Eyjafirði, Skagafirði eða Suðurlandi, sökum skjólsemi og hærri meðalhita. Ennfremur skorti sýsluna aðgang að sjávarnyttjum (Vatnsnesið er undantekning að þessu leyti) sem hefðu getað orðið til þess að þetta byggðina líkt og gerðist í mörgum harðbýlli sveitum, s.s. í Strandasýslu eða á Skaga í Austur-Húnavatnssýslu, er lágu vel við fiskveiðum. Þetta skipti miklu máli í árdaga þéttbýlismyndunar á Íslandi.

Búsetumassinn í Vestur-Húnavatnssýslu var einfaldlega minni en í mörgum öðrum héruðum þegar gamla sveitasamfélagið var við lýði og því mun minni efniviður í þéttbýliskjarna þegar til átti að taka. En þéttbýli myndaðist upphaflega í tengslum við nýtingu sjávarauðlinda eða þjónustu við bændur og búandi. Af þeim sökum var þéttbýlismyndun hægari í Húnaþingi vestra en víðast hvar annars staðar og helsti þéttbýliskjarni sýslunnar minni fyrir vikið. Enn þann dag í dag er héraðið verulega dreifbýlt og miklar akstursvegalengdir á milli fólks. Dreifnin hefur aukist enn frekar á síðari árum þegar jarðir hafa farið úr ábúð. Hins vegar er ljóst að fá héruð á landinu hafa hagnast eins mikið á bættum vegasamgöngum og lægra eldsneytisverði á síðustu 10-20 árum en Húnaþing vestra. Að þessu leyti hefur tíminn unnið með sýslunni því lægri flutningskostnaður hefur þétt búsetunet sýslunnar og fjarlægðir skipta nú minna máli.

Fjarlægðir, saga og hlutverk

Hvammstangi er þéttbýlismiðstöð Húnaþings vestra með um 580 íbúa eins og áður er frá sagt. Auk þess er hægt að tala um fjóra þéttbýlissvísa í Vestur-Húnavatnssýslu: Staðarskála, Reykjaskóla í Hrútafirði, Laugarbakka í Miðfirði og Víðihlíð í Víðidal. Þessir staðir eru kallaðir þéttbýlissvísar vegna þess að hver um sig gegnir þjónustuhlutverki sem hefði við vissar aðstæður getað safnað um sig fólki og húsum. Hver þessara þéttbýlissvísa hefur jafnframt eiginleika er Hvammstanga skortir. Öfugt við hina staðina fjóra liggur Hvammstangi of fjarri hringveginum til þess að geta þjónað þeim ferðamönnum sem um hann fara. Tveir af áðurgreindum þéttbýlissvísunum, Staðarskáli og Víðihlíð, gegna sérhæfðu þjónustuhlutverki við ferðamenn á hringveginum. Staðarskáli er rétt við Holtavörðuheiði og því að mörgu leyti náttúrulegur áningarstaður. Víðihlíð er miðja vegu á milli Staðarskála og Blönduóss og því einnig náttúrulegur áningastaður, auk þess að þjóna nærumhverfi sínu. Báðir þessir áningarstaðir skila hlutverki sínu vel og eru byggðastólpar í sýslunni. Hins vegar hefði hringvegurinn getað fært íbúunum mun meiri ábata ef umferðin hefði legið í gegnum Hvammstanga því þannig hefði gefist færi á ýmis konar verslunar- og þjónustustarfsemi meðfram því að selja bensín, sælgæti og skyndibita.

Þéttbýlissvísirinn Reykir í Hrútafirði, hlaut blessun með uppbyggingu héraðsskóla um 1930 og byggðasafns um 1967. Báðar þessar stofnanir hefðu getað eflt þéttbýli í sýslunni ef þær hefðu verið til staðar á Hvammstanga. Þetta var afleiðing þeirrar

menntastefnu sem var við lýði á fyrri hluta 20. aldar og átti rætur að rekja til andstöðu manna við brottflutning fólks úr sveitum á mölina. Úr varð að héraðsskólum var komið upp víðsvegar um landið fjarri öllu þéttbýli. Með þessari héraðsskólastefnu var skotið loku fyrir gagnkvæmni á milli menntunar og þéttbýlis í mörgum bæjarfélögum á landsbyggðinni. Í dreifbýlinu var ekki að finna stuðning né afl til að endurnýja lífdaga héraðsskólanna sem flestir lognuðust út af þegar leið á tuttugustu öldina. Og sama átti við um þéttbýlisstaðina sem voru sviptir þeim skapandi krafti og fjölbreytni sem slíkt menntastarf hefði getað gefið þeim á mikilvægum mótunarárum. Þannig voru þeir án mikilvægrar driffjaðrar sem hefði getað knúið áfram mannauðsmyndun heima í héraði. Héraðsskólinn á Reykjum hefur runnið sitt skeið og eru nú starfræktar þar skólabúðir í húsnæði skólans. Hægt er að velta fyrir sér hvernig Hvammstangi hefði þróast ef héraðsskólinn á Reykjum í Hrútafirði hefði verið staðsettur þar og staðurinn hefði í raun verið kominn með vísi að framhaldsskóla þegar fyrir stríð. Það hefur síðar komið á daginn að þau byggðarlög sem hafa fengið fjölbrautaskóla hafa haft af honum mikinn styrk. Svipaða sögu er hægt að segja af byggðasafninu sem hefði getað skapað mörg skemmtileg samlegðaráhrif ef það væri staðsett við hlið ýmis konar annarrar þjónustu.

Fjórði og síðasti vísirinn, er Laugarbakki í Miðfirði. Laugarbakki liggur við hringveginn þó innkeyrslan að staðnum sé svo óheppileg að stórir bílar eiga óhægt um vik að beygja þangað inn. Svo má heita að Hvammstangi og Laugarbakki hafi runnið saman í eitt þéttbýli en svipaður aksturstími er á milli staðanna og tekur að keyra á milli hverfa í Reykjavík.

Ef allir þessir fjórir þéttbýlsvísar hefðu verið samkomnir í einum kjarna ásamt Hvammstanga hefðu mun fleiri stöðir staðið undir búsetu í Húnaþing vestra vegna þess að þéttbýlið hefði verið styrkara. En þessir þéttbýlsvísar – hver með sinn eiginleika – voru hins vegar aðskildir með fjarlægðum sem hafa takmarkað þau samlegðaráhrif sem eru undirstaða þéttbýlismyndunar. Ef til vill finnst einhverjum að til lítils sé að fjölyrða fortíðina að þessu leyti, t.d. er of seint að stofna framhaldsskóla á Hvammstanga. Hins vegar má ekki gleymast að hafa samspil Hvammstanga og þéttbýlsvísanna fjögurra í huga þegar stefnumörkun fer fram fyrir byggðarlagið í heild.

2. Félagslegur styrkur Húnaþings vestra

Um félagslegan styrk smábæja

Í nóvember 1997 kom út skýrsla á vegum Byggðastofnunar er bar heitið „Búseta á Íslandi - Rannsókn á orsökum búferlaflutninga.” Höfundur er Stefán Ólafsson prófessor við Háskóla Íslands. Þar er gerð könnun á ánægju fólks með búsetu á hinum ýmsu stöðum landsins og lögð áhersla á að skýra búferlaflutninga innan Íslands út frá félagslegum forsendum. Eftirfarandi tilvitnun í skýrslu Stefáns lýsir niðurstöðunum í hnotskurn:

Fram kemur í rannsókninni að áhugi landsbyggðarfólks á nútímalegum lífsháttum, til dæmis fjölbreyttum atvinnutækifærum, ríkulegum aðgangi að verslun og þjónustu, fjölþættri aðstöðu til menningarneyslu og afþreyingar, góðum húsnæðisaðstæðum og samgöngum, skiptir miklu máli fyrir val á búsetustað. Mjög sterkt samband er milli ánægju íbúa með búsetuskilyrði og fólksfjöldaþróunar í einstökum landshlutum. Þar vegur þungt hvort aðstæður fyrir framangreinda þætti nútímalegra lífshátta eru hagstæðar eða ekki.

Stefán Ólafsson, 1997, *Búseta á Íslandi – Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*, bls. 126.

En hann segir einnig:

Aðdráttarafl Höfuðborgarsvæðisins er þannig að stærstum hluta bundið við þær forsendur sem þar er að finna fyrir nútímalegum lífsháttum. Við það er erfitt fyrir landsbyggðarsvæði að keppa, því stórt þéttbýli er lykilmorsenda þess að hægt sé að bjóða upp á suma þessara þátta.

Stefán Ólafsson, 1997, *Búseta á Íslandi – Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*, bls. 65.

Stefán viðurkennir að dreifbýlið hafi upp á marga aðra kosti að bjóða, s.s. nálægð við náttúru, friðsælla umhverfi og svo framvegis. Hann veltir því fyrir sér hvort vænta megi sömu þróunar hér og erlendis að kostir dreifbýlisins muni veða þyngra á metunum þegar fram í sækir og fólksstraumurinn snúast aftur við frá höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar samkvæmt könnun Stefáns eru það íbúar

þéttbýlisstaða með frá 200 til 1.000 íbúa sem eru óánægðari með marga þætti búsetuskilyrða sinna, án þess að vera óánægðari með tekjuöflunarmöguleika sína. Hins vegar kom einnig fram að margir stærri þéttbýlisstaðir á landsbyggðinni geta nokkuð vel keppt við höfuðborgarsvæðið, því íbúar sumra þeirra eru ánægðari með búsetuskilyrði sín en íbúar höfuðborgarsvæðisins. Þá ályktun má því draga að smábærir með íbúafjölda á bilinu 200-1.000 séu því of stórir til þess að bjóða upp á kosti dreifbýlisins en of smáir til þess að bjóða kosti mikils þéttbýlis og séu því einna verstu búsetukostir landsins.

Félagsleg grunngerð Hvammstanga

Könnun Stefáns nær ekki til Hvammstanga, en nefnt er í téðri skýrslu að greiningin eigi einkum við sjávarbyggðir fyrir vestan land og austan. Hins vegar mætti af þessu draga þá ályktun að félagsleg grunngerð Vestur-Húnavatnssýslu sé helsti veikleiki svæðisins, einkum hvað varðar búsetu á Hvammstanga. Skýrsla Stefáns er að mörgu leyti tímamótaverk og þörf greining á togkrafti félagslegra þátta við búferlaflutninga. Hins vegar má að sumu leyti færa rök fyrir því að Stefán vanmeti gildi atvinnu og launamunar í þessu tilliti. Til að mynda er það villandi að bera saman meðallaun á Vestfjörðum og öðrum stöðum landsins, og ráða síðan af því að búsetuskilyrði séu svo slæm vestur þar að fólk flytji þaðan þrátt fyrir há laun. Ástæðan er einfaldlega sú að þau hálaunastörf sem draga meðaltalið upp tengjast aðeins einni atvinnugrein, fiskveiðum, og framboð slíkra starfa er takmarkað. Laun fyrir önnur störf er bjóðast, s.s. við almenna verkavinnu, þjónustu og þess háttar, eru mun lægri en þekkist á höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er að sú alda búferlaflutninga sem hóf sig upp á árunum 1996–2001 – sem Stefán spáir að nokkru leyti fyrir í skýrslu sinni – var rekin áfram af auknu framboði starfa og hækkun launa á höfuðborgarsvæðinu. Þessari þróun er t.d. lýst með nokkuð nákvæmum hætti í Haustskýrslu Hagfræðistofnunar árið 2002 er fjallar um byggðir og búsetu. Vitanlega getur verið vafasamt að líta um of til launamunar í þessu tilliti. Hér spila félagslegir og hagrænir þættir saman, og til að mynda skiptir fjölbreytni starfa miklu. Réttast er að líta til búsetu í stærri eða minni bæjum og dreifbýli með sambærilegra búsetukosti sem höfða mismunandi til fólks. Jafnvel gæti mat á þessum þáttum breyst yfir ævina eftir fjölskylduaðstæðum. Til að mynda kunna ungir einhleyþingar að æskja fremur að dvelja í fjölbreyttu borgarumhverfi en fólkskyldufólk að sækja í rólegt bæjarumhverfi.

Hvað varðar Húnaþing vestra er enginn vafi á því að heimamönnum finnst landfræðileg lega og félagsleg grunngerð héraðsins vera kostur og það sé fremur framboð af störfum og húsnæði sem sé takmarkandi fyrir búsetu. Ef til vill má rekja ástæðuna til þess að þeir sem telja búsetuskilyrðin óheppileg séu þegar fluttir á brott og þeir sem hafa flutt til staðarins hafi tekið þá ákvörðun vegna þess að þeim finnst umhverfið heppilegt. Hins vegar er félagsleg grunngerð staðarins þannig að hún laðar fólk að fremur en fælir frá. Þessi skoðun fær einnig stuðning ef litið er til atvinnutekna á svæðinu, sem eru lægri að meðaltali en annars staðar á landinu. Í þessu sambandi er einnig vert að minnast þess að tekjujöfnuður er meiri í sýslunni en á flestum öðrum svæðum á Íslandi. Þetta þýðir í raun og veru að margir íbúar eru með búsetu sinni í Húnaþingi vestra tilbúnir til þess að fórna hærri tekjum sem hægt væri að öðlast með því að setjast annars staðar að á landinu.

Hið sama þarf þó ekki að eiga við um aðra þéttbýliskjarna á Íslandi af sambærilegri stærð. Aftur á móti má leiða líkum að því að landfræðileg sérstaða héraðsins sem dregið var á í upphafi skipti miklu í því að gera héraðið að aðlaðandi búsetukosti, en fjölbreytni atvinnulífs og þjónustu er mun meiri á Hvammstanga en búast mætti við í byggðarlagi af þessari stærð. Af þessum sökum sameinar héraðið kosti dreifbýlis og þéttbýlis og verður þannig að „nú tímalegum” búsetukosti sem íbúarnir kunna svo mæta vel að meta. Þetta táknar þó ekki að hægt sé að taka félagslega grunngerð og þjónustustig staðarins sem gefna og framtíðarstefnumörkum felist aðeins í atvinnumálum. Þessir þættir vinna saman og félagsleg grunngerð svæðisins er líklega það sem einna helst getur dregið ný fyrirtæki og íbúa til staðarins.

3. Atvinnumál

Landfræðileg sérstaða og atvinnulíf í Húnaþingi vestra

Flest byggðarlög á landsbyggðinni risu upphaflega vegna einhvers hagræðis í nýtingu staðbundinna framleiðsluþátta. Í sumum tilvikum var það nálægð við góð fiskimið sem gaf fólki ástæðu til þess að setjast þar að. Þá skapaði nálægð við blómleg landbúnaðarhéruð þörf fyrir þjónustu, verslun og úrvinnslu. Á mörgum stöðum lagðist þetta tvennt til, landbúnaður og fiskveiðar. Þegar síðan vísir var kominn að byggðarkjarna hófst sjálf nærandi hringrás þar sem fyrirtækin kölluðu á fólk, fólkíð kallaði á fleiri fyrirtæki og svo koll af kolli. Tíðin hefur verið ströng fyrir litla byggðarkjarna úti á landi á síðustu áratugum. Bættar samgöngur hafa dregið úr þjónustuhlutverki þeirra og enn fremur hefur vægi staðbundinna aðfanga minnkað í landsframleiðslu. Mikill samdráttur hefur orðið í landbúnaði og vélvæðing, markaðsvæðing og kvótastjórnun hafa breytt nýtingu staðbundinna aðfanga í sjávarútvegi. Nú er hægt að sækja fengsæl fiskimið frá mörgum stöðum, lönduðum afla er einnig hægt að aka hvert á land sem er og nálægð við flugvelli og útflutningshafnir getur falið í sér meira hagræði en nálægð við miðin. Svipuð þróun hefur átt sér stað hvað varðar afurðastöðvar landbúnaði, en búfé er nú keyrt langa leið til slátrunar.

Það er því ekki að undra að nær allir byggðarkjarnar á landsbyggðinni hafa haft neikvæðan flutningsjöfnuð á síðustu árum, þ.e. fleiri flytja frá þeim en til þeirra. Þar er Akureyri talin með. Flutningshallinn er að vísu dálítið mismunandi, en það er bitamunur en ekki fjár á milli staða. Það sem skiptir þó mestu er að þeir sem flutt hafa burt eru að stærstum hluta ungt fólk sem staðirnir mega síst við að missa. Í skýrslu Hagfræðistofnunar um byggðamál frá árinu 2002 kom t.d. fram að 50–70% af þeirri kynslóð sem fædd var á árunum 1967–72 hafa yfirgefið heimabyggðir sínar og hlutfall fólks á aldrinum 20–40 ára er sérstaklega lágt á landsbyggðinni. Þetta kemur fram í hækkuðum meðalaldri fólks á landsbyggðinni. Ekki sér enn fyrir endann á þróuninni og svo mun verða áfram nema fólk taki á ný að flytja til þessara byggða, því fólk á barneignaldri er ekki lengur til staðar.

Framtíð smárra þéttbýliskjarna snýst í raun um hlutfallslega yfirburði, að byggðarlög geti boðið upp á eitthvert hagræði sem aðrir staðir á landinu hafa ekki. Flestir geta boðið atvinnuhúsnæði á góðum kjörum er getur verkað sem aðdráttarafl fyrir atvinnustarfsemi. En enginn staður getur til lengdar þrífist með því að bjóða fram húsnæði undir kostnaðarvirði. Undir slíkum kringumstæðum er lítil hvatning til þess að hefja nýbyggingar eða leggja út í nýjar fjárfestingar og byggðin mun sjálfkrafa deyja út um leið og fasteignastofn staðarins úreldist. Lausnirnar hljóta því að felast í því að styrkja hlutfallsyfirburði viðkomandi staða með aðgerðum sem fela hvorki í sér nauðung eða óhagkvæmni. Þetta er hægt að gera með því að auðvelda stöðunum að færa sér í nyt staðbundna framleiðsluþætti og styðja þá kjarnamyndun sem hægt er að koma við, t.d. með sérhæfingu. Hins vegar hljóta sóknartækifærin einnig að liggja í nýtingu annarra staðbundinna aðfanga og annarrar sérhæfingar. Ferðaþjónusta er eitt það fyrsta sem kemur upp í hugann en náttúrufegurð, sögulegar minjar og þess háttar verður víða að telja til mjög mikilvægra staðbundinna gæða sem geta staðið undir byggð víða um landið. „Mjór er mikils vísir“ var einhvern tíma sagt. Yfirleitt tekur nokkurn tíma að þróa nýtingu slíkra aðfanga og vinna markaði. Slíkt ætti ekki að teljast nein nýlunda. Sannleikurinn er sá að margs konar nýtingu sjávarfangs, sem nú er talin sjálfsögð, tók langan tíma að þróa. Íslendingar höfðu t.d. búið í landinu í þúsund ár áður en þeim datt í hug að veiða eða nýta síld að einhverju marki, svo dæmi sé tekið. Þeir héldu áfram að veiða á árabátum allt fram á 19. öld þrátt fyrir að erlendar þjóðir væru fyrir margt löngu farnar að nota þilskip. Ferðaþjónusta er aðeins eitt dæmi. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr munu hefðbundin vinnsla og atvinnulíf í tengslum við landbúnað og sjávarútveg ekki nægja ein og sér til þess að fólki fjölgi aftur á landsbyggðinni.

Atvinnulíf á Hvammstanga

Hvammstangi er og hefur verið fyrst og fremst þjónustukjarni fyrir héraðið. En ólíkt flestum öðrum byggðarlögum hefur sjávarútvegur einungis verið í aukahlutverki. Síðustu 20 árin hefur átt sér stað almennur samdráttur í landbúnaði í héraðinu, einkum í sauðfjárrækt, sem hefur orðið til þess að fækka störfum í greininni. Jarðir hafa horfið úr byggð og tekjur bænda hafa dregist aftur úr öðrum. Þessi samdráttur hefur einnig komið illa við þjónustugreinar í þéttbýli og í raun má segja að bakland Hvammstanga hafi skropið saman. Á sama tíma hefur verið mikill þrýstingur á hagræðingu og samþjöppun í úrvinnslugreinum. Mjólkurbúið var lagt niður 2002 og blikur eru á lofti

hvað varðar slátrun. Átak hefur verið gert í því að viðhalda iðnaði tengdum landbúnaði í byggðarlaginu, en svo dæmi sé tekið er nú á Hvammstanga miðstöð ullar- og þrjónaiðnaðar í landinu.

Raunar hefur svipuð þróun orðið í vinnslu sjávarafla og vinnslu landbúnaðarafurða og hefur Hvammstangi því einnig misst spón úr aski sínum í þeim efnum. Höfnin er hins vegar mjög góð og hagnýting sjávarafla er enn mikilvægur þáttur í atvinnulífi staðarins.

Það sem ef til vill aðgreinir Húnaþing vestra frá mörgum öðrum stöðum af sambærilegri stærð er hinn mikli fjöldi smárra fyrirtækja sem þar er að finna og er það til merkis um þann mikla frumkvöðlakraft sem býr í íbúunum. Hér má að einhverju leyti sjá áhrif þess að staðurinn er í mikilli fjarlægð frá öðrum stærri þéttbýliskjörnum og hefur því óskorað þjónustuhlutverk við nærumhverfi sitt. Einnig má vel merkja áhrif hringvegarins og bílumferðar á atvinnulíf héraðsins. Flestir gera sér líklega grein fyrir tilvist söluskálanna tveggja, Staðarskála og Víðigerðis, en einnig mætti nefna að á Hvammstanga eru tvö bílaverkstæði, bílasprautun og bílasala sem þjónar Norðurlandi vestra og nyrðri hluta Vesturlands. Ennfremur eru smíðaðar hestakerrur á staðnum. Hægt er að nefna þetta sem dæmi um kjarnamyndun, þ.e. hvernig atvinnustarfsemi safnast saman á einum stað í tengslum við ákveðna atvinnustarfsemi. Tilvist margra smáfyrirtækja er einn helsti kostur Húnaþings vestra í atvinnulegu tilliti þar sem eggjunum er dreift í margar körfur. Áhersla á þjónustu og þekkingu er einnig ein helsta forsenda þess að svæðið eigi sér framtíð í þeirri umbyltingu sem má greina í atvinnuháttum landsins þar sem iðnaður og frumvinnsla minnka að umfangi. Þetta er jafnframt sá grunnur sem framtíðaruppbygging í atvinnumálum verður að byggja á.

Horfur í sauðfjárrækt

Sauðfjárrækt er einn stærsti atvinnuvegurinn í Húnaþingi vestra enda er héraðið frábærlega vel fallið til slíks búskapar. Hins vegar er sauðfjárræktin jafnframt sú grein er hefur verið í mestum samdrætti. Erfiðleikarnir, s.s. kvótaniðurskurður hafa lagst mjög þungt á bændur sem hafa fengið æ minna fyrir sinn snúð. Hins vegar hafa orðið miklar framfarir í greininni sem einkum lúta að tímasparnaði við búskapinn, t.d. við heyskap. Þeir bændur sem hafa geta nýtt þetta aukna tímasvigrúm til þess að skapa sér viðbótar tekjur með aukinni framleiðslu eða með auka störfum utan bús, hafa komist

ágætlega af. Aftur þeir sem hafa ekki geta nýtt sér þessi tækifæri, t.d. vegna þess að þeir eru í of mikilli fjarlægð frá næsta þéttbýli eða eiga óhægt með auka framleiðsluna, hafa komið illa út úr þessum breytingum. Sauðfjárrækt er mjög ákjósanleg aukabúgrein, m.a. vegna þess hve litla hirðu skepnurnar þurfa utan álagstíma á vorin og haustin. Af þeim sökum hefur það færst mjög í vöxt á landsbyggðinni að fólk stundar sauðfjárrækt í hjáverkum en hafi aðalatvinnu af einhverju öðru. Á næstu árum mun stórum fjárbúum fjölga og þau stækka en smábú til hliðar við aðra atvinnu gætu hæglega orðið eitt hagkvæmasta form sauðfjárbúskapar, sérstaklega vegna þess að framfarir í heyskapartækni, s.s. rúllubaggar, hafa minnkað þörfina fyrir fjárfestingar í húsum og tækjum.

Samkeppnishæf laun og verndun starfa í ákveðinni atvinnugrein eru oft ósamrýmanleg markmið vegna þess að auknir tekjumöguleikar byggjast á aukinni framleiðni sem oftast er rekin áfram af tæknibreytingum sem gera færri höndum kleift að vinna sama verk. Þess vegna er eðlilegt að stjórnvöld reyni að skilja stefnu sína í málefnum einstakra atvinnugreina sem mest frá þeirri byggðastefnu sem fylgt er á hverjum tíma. Þetta er nú raunin í sauðfjárræktinni sem hefur gengið í gegnum mjög erfiða aðlögun að nýjum aðstæðum á síðustu árum. Að mörgu leyti er sauðfjárræktin mun betur til þess fallinn að takast á við erlenda samkeppni en t.d. mjólkurframleiðslan. Evrópsk sauðfjárrækt nýtur mun meiri styrkja en hin íslenska og ef miðað væri við fulla samræmingu við evrópska landbúnaðarstefnu ESB myndu sauðfjárbændur hagnast. Ástæðan er tvíþætt. Í fyrsta lagi gæti samræming við landbúnaðarstefnu ESB skilað meiri niðurgreiðslum og stuðningi við sauðfjárbændur en þeir njóta nú. Í öðru lagi rekur ESB mjög beinskeytta byggðastefnu og ein helsta leiðin fyrir Íslendinga að fá eitthvað af aðildargjöldum til baka liggur í gegnum byggðastyrki til smáfyrirtækja í miklu dreifbýli – sauðfjárbænda.

Styrkir til landbúnaðar eru ekki jafn mikið deiluefni líkt og þeir voru fyrir um áratug síðan. Ástæðan er einfaldlega sú að bændum hefur fækkað styrkir til þeirra hafa minnkað að raunvirði. Ennfremur hefur þjóðin vaxið og landsframleiðsla hefur aukist. Vægi landbúnaðarstyrkjanna hefur dalað og öldurnar lægt milli pólitískra deiluaðila. Eftir því sem borgarsamfélagið verður sterkara, ríkara og rótgrónara á suðvesturhorninu og fólki fækkar á landsbyggðinni verður það stöðugt vinsælla og ódýrara að styrkja byggð úti á landi. Sauðfjárbændum hefur reyndar fækkað um mörg

hundrað á síðustu árum – einkum þeim sem höfðu kindakjötsframleiðslu að aðalatvinnu. Þetta eru mjög hraðar breytingar sem ekki sér fyrir endann á, en nú eru 30–40% sauðfjárbænda yfir sextugu og munu brátt bregða búi. Breytingarnar eru ennfremur markvissar að því leyti að verð á landi hefur hækkað gífurlega í 1–1 ½ tíma akstursfjarlægð frá Reykjavík og jarðir innan þessa hrings hafa auknum mæli verið teknar úr ræktun og svæðin sem liggja fjær hafa því aukið svigrúm til framleiðslu. Með öðrum orðum, mjög hraðra breytinga er nú að vænta innan greinarinnar og hún er smátt og smátt að rísa aftur úr öskustónni eftir áratuga ríkisforsjá. Húnaþing vestra er eitt af þeim svæðum er hentar best til slíks búskapar frá landfræðilegum forsendum og með tilliti til fjarlægðar frá Reykjavík. Meðalaldur sauðfjárbænda í sýslunni er einn sá lægsti á landinu. Hins vegar gera líklega fæstir sér grein fyrir því að vegna þeirrar framleiðniþróunar sem hefur orðið í landbúnaði á síðustu árum og hefur leitt til mikils tímasparnaðar við heyskap og gjöf skiptir máli að sauðfjárbændur hafi einnig aðgang að annarri atvinnu sem þeir geta stundað með. Af þessum sökum eru bein tengsl á milli atvinnuframboðs á Hvammstanga og afkomu í sauðfjárrækt, a.m.k. á þeim búum sem liggja næst þéttbýlinu. Sterk staða Hvammstanga er því ein helsta undirstaðan fyrir framtíð sauðfjárræktar í sýslunni.

Ferðamennska

Ferðaþjónusta er augljósasta vaxtargreinin í Húnaþingi vestra. Það er m.a. vegna þess að fjöldi ferðamanna hefur vaxið jafnt og þétt síðustu áratugi – eða um 6% á ári frá 1960 samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands – og af þeim sökum hljóta umsvif í greininni að vera sífellt aukast. Ennfremur hefur greinin nokkra sérstöðu samanborið við aðrar atvinnugreinar landsins, sem fáir hafa gefið gaum, vegna þess að hún skilar töluverðum ábata til fámennra byggðarlaga með svipuðum hætti og fólksfjölgun. Sú sérstaða er einkum fólgin í eftirtöldum atriðum:

- **Bætt framleiðni vinnuafls:** Sköpun nýrra starfa í ferðaþjónustu gefur fólki færi á hærri tekjum en ella hefði orðið, að gefinni menntun, búsetu og starfsþjálfun. Sömuleiðis kann atvinnusköpun í ferðaþjónustu að geta unnið bug á staðbundnu atvinnuleysi eða annarri vannýtingu vinnuafls á ákveðnum svæðum.

- **Bætt framleiðni einkafjármagns:** Aukin nýtni fastafjármuna vegna meiri veltu hjá fyrirtækjum sem tengjast ferðaþjónustu með beinum eða óbeinum hætti, s.s. þjónustu-, flutninga- og afþreyingarfyrirtækja. Utan við höfuðborgarsvæðið eru jafnframt margs konar mannvirki, t.d. skólar og félagsheimili, sem eru mjög vannýtt af íbúum en hafa nýst í ferðaþjónustu.
- **Bætt framleiðni opinbers fjármagns og innviða:** Hlutdeild í kostnaði vegna notkunar á innviðum (e. infrastructure) íslensks þjóðfélags, s.s. samgöngumannvirkja, sem kemur fram með beinum og óbeinum gjöldum til íslenska ríkisins. Hagræðið kemur einkum fram ef notkun landsmanna sjálfra er fremur lítil og aukinn fjöldi notenda tefur ekki fyrir þeim sem þegar nýta sér umferðarmannvirkin.
- **Sterkari grundvöllur fyrir sérhæfingu og fjölbreytni:** Sérhæfing eða nýbreytni af einhverjum toga krefst einhvers lágmarksfjölda af viðskiptavinum. Ferðamannastraumurinn til landsins skiptir þess vegna miklu fyrir byggðalög utan Reykjavíkur þar sem fjölbreytni brestur í verslun og þjónustu vegna fólksfæðar og skorts á stærðarhagkvæmni. Ferðaþjónustan skapar ekki aðeins aukna fjölbreytni í störfum á landsbyggðinni heldur fjölgar einnig þeim þjónustuúrræðum og afþreyingarmöguleikum sem heimamenn hafa sjálfir úr að spila.

Nú þegar verslun og þjónusta er á undanhaldi í hinum dreifðari byggðum landsins er ferðaþjónusta það sem getur blásið nýju lífi í þjónustugreinar á landsbyggðinni. Þetta á sérstaklega við um Húnaþing vestra sem er mjög fámennt en hefur mikla umferð fólks í gegnum héraðið allan ársins hring. Ljóst er að þegar fram í sækir hlýtur ferðaþjónusta að vera leiðandi í því að halda uppi svo háu þjónustustigi sem heimamenn hafa hingað til vanist. Ferðaþjónusta hefur líka farið vaxandi í héraðinu vegna frumkvæðis einkaaðila og áframhaldandi vöxtur er fyrirsjáanlegur í því efni. En hins vegar er nauðsyn á almenntri stefnumörkun til þess að örva vöxt greinarinnar, sem vikið er að í tillögum sem hér fara á eftir.

4. Tillögur til eflingar búsetu í Húnaþingi vestra

4. 1 Stefnumörkun og svæðisbundin þróun

Tillaga A.

Efla þarf dulda búsetu og almenna ferðamennsku.

Fjölgun fólks í Húnaþingi vestra með dulinni búsetu

Þegar litið er til búsetu freistast fólk gjarnan til þess að líta aðeins til þeirra íbúa sem hafa lögheimili á viðkomandi stað. Þetta er ekki að öllu leyti réttmætt því þeir sem dvelja á ákveðnum stað hluta úr ári, nokkrar vikur, daga eða jafnvel klukkutíma skila að sumu leyti svipuðum búsetuáhrifum og þeir sem dvelja allt árið. Það skiptir máli er ekki viðvera hvers og eins, heldur samanlögð viðvera sem umferðin skapar að meðaltali á einhverjum tíma. Eins og staðan er nú á landsbyggðinni virðist flest benda til þess að helsti vaxtarbroddur margra sveitarfélaga liggja í dulinni búsetu. Með þessum hætti er hægt að líta á hringveginn sem álitlegan markaðskost þó hver bíll aki í gegn á 1-2 klukkutímum. Hér að framan var minnst á jákvæð áhrif ferðaþjónustu á verslun, þjónustu og fjölbreytni atvinnulífs. Sömu rök gilda fyrir þjónustu við fólk sem staldrar tímabundið við í héraðinu t.d í orlofshúsum.

Þegar til framtíðar er litið er líklegt að margir íbúar í stærra þéttbýli muni eiga sér annað heimili á landsbyggðinni og raunar er sú þróun mjög langt komin á þeim svæðum sem liggja næst höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er að sveitarfélögin á Vesturlandi og Suðurlandi bera einhvern kostnað af slíkri búsetu, t.d. með aukinni löggæslu um helgar, en ábatinn er einnig mikill. Svo má segja að ákveðnar tegundir verslunar og þjónustu hafi verið endurreistar á þessum svæðum á grunni dulinnar búsetu sem hefur skapað mikla veltuaukningu. Ennfremur hefur viðhald húsa skapað vinnu fyrir iðnaðarmenn af ýmsu tagi. Þessa þróun þurfa Vestur-Húnavetningar að færa sér í nyt af miklum krafti. Tíminn vinnur með þeim vegna þess að samgöngubætur – svo sem tilkoma Sundabrautar – munu færa svæðið nær Reykjavík á næstu árum og gera það eftirsóknarverðara fyrir frístundabyggð.

Þegar ferðapjónusta er annars vegar er nauðsynlegt að hafa í huga að tvenns konar ferðamenn sækja Húnaþing vestra heim. Annars vegar er það dvalarfólk sem eyðir dagshluta, dögum eða vikum í héraðinu. Hins vegar eru það umferðungar sem aka í gegn og eyða aðeins nokkrum klukkutímum í héraðinu. Þessum tveimur hópum hæfir ekki sami viðurgjörningur og sérstaklega er mikilvægt að markmiðsetning í ferðapjónustu sé tvíþætt og miði við þessa hópa, hvorn í sínu lagi. Hér skal stungið upp á þremur leiðum:

Leið A Tvíþætt stefnumörkun

Huga að aukinni ferðapjónustu með tvíþættri stefnumörkun sem annars vegar miðar við fólk sem er á hraðferð í gegnum sýsluna og hins vegar þeirra sem þar dvelja til lengri tíma. Að nánari útfærslu verður vikið að aðeins síðar.

Leið B Endurskoðun á svæðisskipulagi

Huga að breytingum á svæðisskipulagi sem auðveldar byggingu sumarhúsa og annarrar tegundar búsetu sem ekki telst hefðbundin. Hér má að vísu benda á að þegar hafa verið skipulagðar 222 frístundahúsalóðir á vegum einkaaðila og hefur verið byggt á 35 þeirra.

Leið C Samstarf um uppbyggingu orlofshúsabyggðar

Að reyna að með öllum ráðum að ná samningum við fyrirtæki eða stéttarfélög um að reisa orlofshúsabyggð á einum ákveðnum stað í sýslunni. Einkaaðilar hafa sýnt töluvert frumkvæði í þessum efnum, til að mynda á Vesturhópssvæðinu, en nauðsynlegt gæti reynst að sveitarfélagið leggist samhliða á árar með þeim.

Tillaga B.

Efla þarf þéttbýlisöxulinn Hvammstangi – Laugarbakki.

Styrking þéttbýlisöxulsins Hvammstangi-Laugarbakki

Þeirrar tilhneigingar verður vart í viðtölum við heimamenn að litið sé á Laugarbakka og Hvammstanga sem tvo aðskilda staði, sem eigi jafnvel í hagsmunaárekstrum. Sú skoðun er hins vegar ekki fyllilega réttmæt. Þvert á móti skiptir miklu máli að litið sé

Þessa tvo staði sem einn þéttbýliskjarna eða öxul og uppbygging miði við styrkleika beggja staðanna, þannig að þeir njóti hvors annars. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að vöxtur og viðgangur þessa þéttbýlisöxuls er ekki aðeins mikilvægur fyrir þá sem búa þar, heldur skiptir það einnig miklu fyrir þá sem eiga heima í dreifbýli umhverfis bæinn. En þróun síðustu ára hefur verið í þátt átt – m.a. vegna bættra samgangna og tækniframfara í landbúnaði – að sveitastörf og bæjarvinna eru óðum að renna saman og nú þegar standa tvöfaldir tekjustofnar – annar frá búskap og hinn frá annarri vinnu – undir búsetu á mörgum jörðum. Til að mynda má færa sterk rök fyrir því að framtíð margra fjölskyldubúa í sauðfjárrækt muni velta á framboði starfa í nálægu þéttbýli. Hér lögð til tvíþætt almenn stefnumörkun til eflingar þéttbýlis í Húnaþingi vestra:

B.1. Að byggja Laugarbakka upp sem þjónustumiðstöð fyrir þjóðveg 1.

Eins og áður er frá greint liggur Hvammstangi of fjarri hringveginum til þess að geta þjónað þeim sem eru á hraðferð í gegnum héraðið. Laugarbakki liggur hins vegar vel við slíkri umferð. Efling Laugarbakka hlýtur að felast í því að gera svæðið að áhugaverðu hvíldar- og þjónustusvæði fyrir þjóðveg 1. Þetta er mikilvægt sökum þess hve mikið af góðri aðstöðu og auðlindum, s.s. heitt vatn, er til staðar á Laugarbakka sem er nú mjög lítið nýtt. Hægt er að nefna nokkrar tillögur í því sambandi:

- *Koma þarf í framkvæmd áætluninni Grettistak, sem miðar að uppbyggingu í kringum söguvið Grettissögu, en sem kunnugt er voru æskustöðvar Grettis í Miðfirði. Má í því efni sjá hliðstæðu við Njálusetur á Suðurlandi.*
- *Skipuleggja þarf orlofshúsabyggð á Laugarbakka í samvinnu við fyrirtæki eða stofnanir og þannig reyna að byggja upp orlofskjarna er getur hlaðið utan á sig fólki. Með sama hætti er hægt að gefa gaum að tjaldstæðum og gistingu í Laugarbakkaskóla.*
- *Leggja þarf úti í ýmsar smærri úrbætur er gera svæðið aðlaðandi fyrir ferðamenn. Hægt er að nefna hluti eins lagfæringu aðkeyrslunnar frá hringveginum, plöntun trjágróðurs umhverfis staðinn og sýnilegri veitinga og þjónustustarfssemi. Ennfremur gefur heitt vatn á staðnum marga möguleika, m.a. til þess að reisa gróðrarskála í líkingu við Eden í Hveragerði eða Vín í Eyjafirði.*

Nánari útfærslur á þessu atriðum eru látnar heimamönnum eftir en mikilvægast er að sá skilningur ríki að nauðsynlegt sé fyrir bæði byggð á Hvammstanga og Laugarbakka að nýta sérstöðu hvors staðar um sig. Þar að auki skiptir máli þegar hugað er að uppbyggingu Laugarbakka að allir þessir þættir sem hér hafa verið nefndir og tengjast orlofsmálum, styrkja hvern annan og búa til miðstöð er þeir koma saman á einum stað.

B.2. Að styrkja Hvammstanga sem þjónustumiðstöð fyrir langdvalarferðamenn.

Hvammstangi er að vissu leyti þjónustumiðstöð fyrir hringveginn, en þar er t.d. að finna tvö bílaverkstæði, og nálægðin við hringveginn veitir staðnum ákveðið forskot hvað varðar almenna flutninga. Hins vegar liggur bærinn of fjarri til þess að geta þjónað umferð sem fer framhjá á þjóðvegi 1, þó aksturstíminn að staðnum sé aðeins nokkrar mínútur. Af þeim sökum verður bærinn að skapa sér sérstöðu og gefa fólki ástæðu til þess að stoppa og stíga út úr bílum sínum. Það verkefni er í sjálfu sér vel yfirstíganlegt. Bæjarstæðið er fagurt og margir hlutir eru nú til staðar sem hægt er byggja á. Hér koma eftirfarandi tillögur í því efni.

- *Styrkja þarf miðbæ Hvammstanga.* Byggðin á Hvammstanga er mun þéttari en flestum öðrum bæjum úti á landi, sem er mikill kostur fyrir ferðamenn. Bærinn stendur í kvos og svæðið við höfnina á Hvammstanga hefur á sér hlýlegt yfirbragð. Þar er jafnframt Kaupfélagið, Gallerí Bardúsa og nokkur falleg gömul hús. Hins vegar verður þess ekki vart að hugað hafi verið skipulega að því að styrkja miðbæinn sem þjónustusvæði eða viðverustað fyrir ferðamenn. Tilhneigingin virðist hafa verið í þá átt að færa þjónustu starfsemi ofar í hlíðina og jafnframt úr göngufæri við miðbæinn. Þessu þarf að snúa við til þess að gera bæinn aðlaðandi fyrir ferðafólk. Miðbærinn þarf að verða miðpunktur allrar athygli þegar kemur að uppbyggingu sem snýr að þjónustu við ferðamenn. Þetta gæti gerst með því að fegra svæðið og gera það vistvænna með listaverkum eða öðrum lagfæringum á umhverfi. Uppbyggingin getur einnig snúið að því að finna hlutverk fyrir þau gömlu hús sem enn eru til staðar og koma á fót safni eða upplýsingamiðstöð. Sömuleiðis væri hægt að huga að aukinni þjónustu í miðbænum, s.s. með framreiðslu einhverra veitinga. Styrking miðbæjar hefur ekki aðeins þýðingu fyrir ferðaþjónstuna heldur mun hún einnig bæta mannlíf á

Hvammstanga sjálfum, auk þess að vera ein helsta leiðin til þess að auka verslun í Kaupfélaginu sem er svo haganlega staðsett í miðbænum.

- *Koma þarf á fót safni eða miðstöð helguðum selnum á Hvammstanga.* Til þess að auka aðdráttarafl Hvammstanga í augum ferðamanna er nauðsyn að koma á fót safni eða einhverju áhugaverðu til þess að skoða. Hér er mikilvægt að líta á hugtakið „safn“ í víðari skilningi en einungis *safn af gömlum hlutum* sem fólk skoðar. Safn í nútímaskilningi þess orðs er einnig kynningar-, verslunar-, afþreyingar- og þjónustusmiðstöð. Hugmyndir um að byggja upp selasafn eru afar jákvæðar. Safnið yrði það fyrsta sinnar tegundar á landinu en auk þess eru aðstæður á svæðinu hentugar í þessu tilliti. Safnið myndi annars vegar leggja áherslu á sögulegar hefðir í nýtingu sels í gegnum aldirnar og einnig hvernig selir hafa komið fyrir í þjóðsögum og bókmenntun. Hins vegar yrði þungi lagður á lífshætti og umhverfi selsins hér við land þar sem sú náttúruperla sem Vatnsnesið er yrði bakgrunnssvið allar umfjöllunar. Selasafnið ætti að sjálfsgöðu heima við sjóinn í miðbæ Hvammstanga.
- *Gera þarf Hvammstanga að handverksmiðstöð.* Í Vestur-Húnaþingi er mikill áhugi á ýmis konar handverki og margir færir handverksmenn eru í sýslunni. Í miðbæ Hvammstanga er afbragðsgóð hannyrðaverslun auk Gallerí Bardúsu sem er safn meðfram því að selja handverk. Ennfremur er Hvammstangi orðin miðstöð þrjónaiðnaðar á Íslandi og sölubúð fyrir slíka vöru er til staðar í húsnæði þrjóna- og saumastofunnar. Einnig má nefna að tvö leirkeraverkstæði eru á staðnum eða í nágrenni hans, auk annars handverksfólks í sýslunni. Hér virðist því vera undirstaða sem hægt er nýta til að skapa sérstöðu og hefja kjarnamyndun í ýmis konar handverki, samhliða annarri uppbyggingu í miðbæ Hvammstanga. En því fleira sem leggst til í þessu efni, þeim mun styrkari verður rekstrargrundvöllur allra þessara fyrirtækja. Í sjálfu sér þarf ekki stórar fjárhæðir til þess að koma einhverju slíku í kring. Það eitt að huga að sameiginlegri markaðssetningu og ímyndarsköpun fyrir alla þá aðila er tengjast handverki myndi gera mikið, auk þess að gera miðbæinn að kjarna fyrir slíka starfsemi.

4.2 Atvinnustefna

Tillaga C.

Styðja þarf við útrás fyrirtækja.

Útrás og sókn í atvinnumálum

Eins og önnur sveitarfélög á landsbyggðinni hlýtur Húnaþing vestra að vera vakandi fyrir nýjungum í atvinnulífi og reyna að laða til sín ný fyrirtæki, m.a. til þess að nýta það atvinnuhúsnæði sem fyrir er á staðnum. Erfitt er að veita ný ráð í því efni. Vegna landfræðilegrar stöðu hlýtur sýslan að laða til sín fyrirtæki sem annað hvort byggja á staðbundnum aðföngum, s.s. sjávar- eða landnytjum, eða þeirrar atvinnustarfsemi er krefst mikil rýmis en er ekki háð því að vera nálægt helstu markaðssvæðum innanlands til þess að spara flutningskostnað. Hins vegar hlýtur árangurinn af slíkri stefnu að vera háður höppum og glöppum, sem gefur að skilja. Samræmd atvinnustefna sveitarfélagsins hlýtur aftur á móti byggja innri vexti og taka aðkomu nýrra fyrirtækja, s.s. einhverrar tegundar stóriðju, sem bónus. Sú hætta liggur í leyni að ef hugað er um of að utanaðkomandi kraftaverkum, að ræktun eigin garðs gleymist. Þetta er sérstaklega mikilvægt að hafa í huga þegar atvinnustefna er mótuð fyrir Hvammstanga vegna þess hve atvinnulífið byggir mikið á smáum og fjölbreyttum fyrirtækjum og mikill frumkvöðlakrafur leynist meðal íbúana. Vestur-Húnvetningar verða að huga sífellt að því hvort og hvernig þeir geta stuðlað að útrás fyrirtækja sinna, þar sem í því felast ótvíræðir möguleikar sem jafnvel geta – ef vel er á haldið – haft ríkari velferðaráhrif í héraðinu en innrás fyrirtækja að utan með styrkingu þeirra innviða sem fyrir eru. Ef litið er til landsins í heild er þetta einmitt það sem hefur gerst en útrás íslenskra fyrirtækja á erlendri grundu er einn helsti vaxtarbroddurinn í íslensku atvinnulífi í dag. Þó verður að hafa í huga að slíkt tekur tíma. Nauðsyn er að skapa stöðugleika í atvinnumálum héraðsins og eins og staðan er nú skipta 10-50 störf miklu. Í þessu skyni skulu lagðar fram tillögur um atvinnuuppbyggingu á Hvammstanga:

C.1. Mótun útrásarstefnu fyrir atvinnulíf í Vestur-Húnaþing

Stofnað verði markaðsráð í félagi við iðnaðarráðuneytið, Bygðastofnun eða aðra aðila er málið varðar sem hafi það sem markmið að styðja við útrás fyrirtækja í Húnaþingi vestra. Með útrás er átt við atvinnusköpun með aukningu umsvifa heimafyrirtækja vegna markaðsetningar og sölu annars staðar. Þrátt fyrir alla þá þörfu umræðu sem hefur átt sér stað um nýjungar og frumkvöðla, er það samt svo að mestu tækifærin felast í því að gera það sama áfram en vera aðeins stærri í sniðum. Raunar væri heppilegt að styrkjaumhverfi hins opinbera tæki meira mið af þessu atriði fremur en sífelldum tilraunum til þess að finna upp hjólið með áætluðum nýjungum.

C.2. Mótun frumkvöðlastefnu

Sama markaðsráð sem getið er um hér að ofan ætti einnig að gefa frumkvöðlastarfsemi gaum í sveitarfélaginu og tengja saman hugmyndir, fjárfesta og lánsfé. Þetta gæti falist í svo ólíkum hlutum sem fræðslu í skólum eða aðstoð við heimamenn til þess að sækja um styrki til ýmis konar nýsköpunar.

C.3. Mjólkurstöðinni komið í gagn

Mjólkurvinnsla var lögð niður á Hvammstanga þegar mjólkurbúið sameinaðist Mjólkursamsölnunni í Reykjavík. Húsnæði mjólkurbúsins stendur enn ónotað þrátt fyrir tilraunir heimamanna til þess að koma því gagnið, en það er að vísu í eigu Mjólkursamsölnunnar í Reykjavík. Þetta er stórt húsnæði og vel búið til ýmis konar matvælavinnslu. Að mati heimamanna er afar brýnt að húsnæðinu verði fundið nýtt hlutverk og að ný atvinnutækifæri skapist. Hér er stungið upp á því að þeir aðilar sem slík mál varðar innan íslenskrar stjórnssýslu, Bygðastofnun eða aðrar stofnanir, leggi heimamönnum lið í þessu efni.

Tillaga D.

Landbúnað þarf að viðurkenna sem styrkleika Vestur-Húnavatnssýslu

Landbúnaður verði viðurkenndur sem styrkleiki héraðsins.

Eins og málum er nú háttáð á landsbyggðinni felst töluverður hluti atvinnustefnunar í vörn, þar sem reynt er með öllum mætti að verja grunnatvinnuvegina sem tengjast

landbúnaði, fiskveiðum og úrvinnslu afurða frá þessum frumvinnslugreinum. Það er ofureðlilegt sökum þess hve þungt vægi þessar greinar hafa í atvinnulífi smærri byggðarlaga, auk þess sem tíðin hefur verið fremur ströng fyrir afkomu þeirra með auknum kröfum um hagræðingu og samþjöppun. Slík varnarbarátta hlýtur áfram að vera eitt aðalverkefni heimafólks, og þar skiptir góður rekstur kaupfélagsins miklu.

Aftur móti má heldur ekki gleyma að Húnaþing vestra er eitt besta landbúnaðarhérað landsins og landbúnaður ætti því að vera einn af styrkleikum héraðsins fremur en veikleiki sem svo oft er látið í ljósi. Sýslan hentar fyrir landbúnað vegna þess hve hún er gróin og þolir vel beit en einnig vegna þess hve hún er í hæfilegri fjarlægð frá aðal þéttbýlissvæðunum tveim fyrir sunnan og norðan. Þegar til framtíðar er litið er líklegt að styrkir stjórnvalda til þessarar greinar verði í auknum mæli byggðatengdir fremur en framleiðslutengdir sem mun gefa möguleika á mun meira frjálsræði fyrir einstaka framleiðendur. Sérstaklega skiptir þetta máli fyrir sauðfjárrækt sem mun aldrei geta keppt við hvítt kjöt í verðsamkeppni vegna þess að lambakjöt er of dýrt í framleiðslu. Af þeim sökum má velta fyrir sér hvort sú viðleitni að halda lambakjöti inni á kjötmarkaðinum með verðlækkunum í beinni samkeppni við hvítt verksmiðjuframleitt kjöt geti gengið til lengdar. Það sem skiptir mestu máli er að neysluvenjur Íslendinga hafa breyst og lambakjöt er ekki lengur hversdagsmatur. Við þessu er hægt að bregðast með tvennum hætti. Annars vegar með því að finna nýjar leiðir til þess að vinna úr og markaðssetja lambakjötið og koma því inn í daglegar neysluvenjur. Í því efni geta ýmsir þjóðlegir sérréttir, s.s. hangikjöt, kjötsúpa og saltkjöt, verið til hjálpar. Hins vegar að leggja áherslu á að lambakjötið sé lúxusvara sem tryggi gæði, hátt verð og minna magn. Þetta er að vísu hægara ort en gjört en þegar til framtíðar er litið er til staðar töluverður markaður fyrir lúxus lambakjöt á háu verði og sauðfjárrækt getur verið arðsöm atvinnugrein. Á næstu árum mun stórum fjárbúum fjölga og þau stækka en smábú til hliðar við aðra atvinnu gætu hæglega verið eitt hagkvæmasta form sauðfjárbúskapar, sérstaklega vegna þess að framfarir í heyskapartækni, s.s. rúllubaggar, hafa minnkað þörfina fyrir fjárfestingar í húsum og tækjum.

Aðalatriðið hér er að missa ekki sjónar á framtíðarsýn fyrir íslenskan landbúnað í allri þeirri neikvæðu umræðu sem umvafið hefur greinina á síðustu 20-25 árum. Í því skyni er eftirfarandi tillaga lögð fram þó erfitt sé að koma með beinhardar ábendingar:

D.1. Mótun framtíðarstefnu og framtíðarímyndar fyrir landbúnað og vinnslu landbúnaðarafurða í Húnþingi vestra

Íslenskur landbúnaður á sér framtíð og hana er að finna í Húnþingi vestra. Þetta er staðreynd – sökum landkosta og landfræðilegrar legu héraðsins – sem koma þarf á framfæri svo það öðlist viðurkenningu á sérstöðu sinni í augum stjórnvalda og fólksins í landinu. Þessi staðreynd verður jafnframt að móta áætlanir og gjörðir Húnvetninga sjálfra. Í þessu efni er um engar skyndilausnir að ræða en það er mikilvægt að gleyma ekki uppruna sínum og sérstöðu.

4.3 Skipulag og markaðsetning

Tillaga E.

Skipuleggja þarf markaðssetningu.

Samhæfing og samræming markaðssetningar

Eitt af því augljósasta sem Húnþing vestra vantar er samræmd markaðssetning og ímyndarsköpun. En þrátt fyrir að héraðið sé í alfaraleið virðist margt vera á huldu fyrir utanaðkomandi aðilum, Íslendingum sem útlendingum, hvað þar er að finna. Þetta er nokkur skaði því héraðið hefur upp á marga hluti að bjóða fyrir gesti. Þar má nefna Fjöruhlaðborð sem haldið er á Jónsmessu, ennfremur Unglistahátíð, þýska daga og Grettishátíð sem haldnar eru á miðju sumri og loks sviðamessu að hausti. Það er því nokkuð í húfi að geta hnýtt saman í einn pakka þessa viðburði og annað sem svæðið hefur upp á bjóða og markaðssetja. Hér hefur ekki verið talin náttúrufegurð eða sagnageymd.

Markaðssetning er sérstaklega mikilvæg fyrir ferðapjónustuna en getur einnig skipt máli í þeirri viðleitni að laða að nýja íbúa. Þegar slík kynning er annars vegar er samhæfing og samræming höfuðatriði. Samhæfing er mikilvæg fyrir þá sök að kynning er almannagæði sem nýtist öllum ferðapjónustuaðilum og þess vegna hefur hvert fyrirtæki um sig ekki nægjanlega hvata eða getu til þess að fjármagna slíka kynningu. Þetta er oft kallað laumufarþegavandamálið (e. *free rider problem*) í hagfræði sem þar sem hver og einn aðili vonast eftir því að hagnast á kynningu

annarra og spara sjálfur eigin kostnað. Það er m.a. vegna þess að íslensk stjórnvöld hafa tekið að sér að samhæfa slíka kynningu fyrir ferðaþjónustu landsins, framlög ríkisins til kynningarmála eru áætluð um 500 milljónir í fjárlögum þessa árs og hafa því þrefaldast frá árinu 1999. Samræming er aftur á móti mikilvæg til þess að héraðið geti markað sér sérstöðu á ákveðnum sviðum, sem hamrað sé á í kynningu og ferðaþjónustufyrirtækin geta fært sér í nyt. Þannig skapast ímynd er kemst á almennt vitorð og auglýsir héraðið sjálfkrafa í daglegri umræðu. Í þessu efni eru lagðar fram eftirfarandi tillögur:

E.1. Stofnun sérstakrar vefsíðu fyrir Húnaþing vestra

Í könnunum ferðamálaráðs hefur komið skýrt í ljós að meirihluti ferðamanna aflar sér upplýsinga um Ísland á netinu. Vefsíður hafa einnig þann kost að hægt er að tengja saman í eitt tré ólíkustu upplýsingar er varða þjónustu, áhugaverða staði, og svo framvegis á einn ákveðinn stað. Mikil nauðsyn er á einni vefsíðu fyrir Húnaþing vestra sem jafnframt yrði gátt að öllu því sem héraðið hefði upp á bjóða. Þessu til viðbótar gæti slík síða einnig þjónað héraðsbúum með fréttum og smáauglýsingum.

E.2. Samhæfingarátak í kynningarmálum

Nauðsyn er að fá alla ferðaþjónustuaðila til mun nánari samvinnu í kynningarmálum undir forystu sveitarfélagsins til að eyða mögulegum laumufarþegavandamálum.

E.3. Samræmingaráttak í kynningarmálum

Nauðsyn er á samræmdri kynningaráætlun fyrir héraðið. Hvaða sérstöðu vill Húnaþing marka sjálfu sér? Fyrir hvað vilja héraðsbúar vera þekktir? Hvað gæti helst laðað ferðamenn að? Þau áhersluatriði sem hér eru lögð til fyrir Húnaþing vestra eru:

- landbúnaðarsvæði,
- ósnortnar víðáttur og fiskveiði,
- selaskoðun og vatnsneshringurinn,
- handverk og miðbær Hvammstanga,
- æskustöðvar Grettis Ásmundssonar,
- þægileg búsetuskilyrði.

4.4 Skipuleg landnýting

Tillaga F.

Skipuleggja þarf landnýtingu.

Ein helsta auðlind Húnaþings vestra eru land og náttúra. Nýting þessara þátta skiptir höfuðmáli fyrir lífskjör í sýslunni. Á síðustu árum hefur hefðbundin landnýting verið á undanhaldi þar sem landbúnaður hefur verið að gefa eftir og þörfin fyrir beitiland hefur minnkað verulega. Önnur landnýting er að taka við þar sem frístundaiðkun og ferðmennska verður í aðalhlutverki. Nauðsynlegt er að hafa augun opin fyrir því til hvers þessi þróun muni leiða og hvernig hægt er að hafa áhrif á hana. Einn angi hennar er sá að einkaaðilar utan héraðs hafa í auknum mæli fest kaup á jarðnæði í sýslunni. Það er þarf í sjálfu sér ekki að vera neikvætt. Þvert á móti getur það falið í sér mörg tækifæri ef þeir hafa uppi áætlanir um að fjárfesta og koma einhverju í kring í sýslunni. Vandinn getur aftur á móti skapast ef kaupin eiga sér stað og engin nýting kemur í kjölfarið. Til að mynda er nær allur vestari bakki Víðidalsár komin á hendur utanaðkomandi aðila með engin augljós áform um nýtingu í huga. Annað vandamál getur einnig skapast ef einkaaðilar eignast helstu náttúruþerlur héraðsins og standa í vegi fyrir nýtingu þeirra. Sveitarfélagið á vitaskuld erfitt um vik að hafa hér áhrif, enda er réttur landeigenda sterkur og fjárráðin takmörkuð t.d. svo hægt sé að nýta sér forkaupsrétt þegar jarðir skipta um hendur.

Almennt séð þegar landnýting breytist, og t.d. ferðaþjónusta er byggð upp í stað landbúnaðar, er nauðsyn marka heildræna stefnu og gæta samræmis við uppbyggingu, m.a. til þess að tryggja verndun umhverfis og sjálfbærni í nýtingu. Oft er slíkt nauðsynlegt vegna þess að ólíkir hagsmunir rekast á. Til að mynda kunna selir við Vatnsnes að vera kærkomnir fyrir ferðaþjónustubændur vegna þess að þeir draga að ferðamenn en vágestir fyrir eigendur vatna og laxveiðiáa vegna þess að þeir éta fisk við ósa sömu áa. Ennfremur er sérstaklega mikilvægt að skoða hvort hægt sé með slíkri skipulagningu að tryggja ákveðið jafnvægi á milli almannahagsmuna og réttar landeigenda. Með öðrum orðum, hindra að nýtingaráætlun sveitarfélagsins og nýting landeigenda fari saman. Í þessu efni eru lagðar fram eftirfarandi tillögur.

F.1. Ráðist verði í nýtingaráætlun fyrir Vatnsnes

Vatnesshringurinn mun að öllu líkindum verða burðarásinn í uppbyggingu ferðaþjónustu á Húnaþingi vestra, bæði vegna einstakrar náttúru svæðisins og stöðu Hvammstanga sem hliðgáttar (e. *gateway*) að svæðinu. Markmiðið slíkrar nýtingaráætlunar er að kanna ólíka möguleika, setta ólíka hagsmuni og tryggja jafnvægi hvað varðar verndun og nýtingu svæðisins til hagsbóta fyrir sýslubúa. Slík nýtingaráætlun er einnig eðlilegur grundvöllur fyrir markaðsetningu á sama svæði.

F.2. Ráðist verði í nýtingaráætlun fyrir Arnarvatnsheiði og Víðidalstunguheiði

Með fækkun búfjár og jarða í ábúð hefur þörfin minnkað verulega fyrir afréttarlönd á ofangreindum heiðum, en margar landrúmar eyðijarðir við rætur þessara heiða eru nú nýttar sem sumarbeitilönd. Þessar heiðar eru stærstu ósnortnu vatnasvæði landsins með gífurlegum möguleikum til útivistar og náttúruskoðunar, sem nánast ekkert eru nýttir. Það er engin goðgá að halda því fram þessar víðáttur muni þegar til framtíðar er litið teljast ein helsta auðlind Húnaþings vestra. Þessi svæði eru – eðli málsins samkvæmt – afréttarlönd í eigu sveitarfélagsins og afar mikil nauðsyn að nýting þeirra sé skipulögð af einni hendi.

5. Lokaorð

Kostir Húnaþings vestra eru margir frá náttúrunnar hendi. Íbúarnir hafa einnig tekið margar réttar ákvarðanir og lagt áherslu á rétta hluti löngu áður en þeir komust í tísku í byggðaumræðu. Hér í þessu stutta stefnumótunarplaggi hafa ýmsir hlutir verið teknir sem gefnir vegna þess að þeir eru nú þegar í góðu lagi. Til að mynda bendir flest til þess að heimamenn hafi góðan skilning á kostum menntunar og mannauðs. En þrátt fyrir að framhaldsskóli sé ekki til staðar í sveitarfélaginu hefur verið mikil og sterk áhersla á grunnmenntun og fjarkennslu í héraðinu sem hvoru tveggja hefur skilað miklu. Að sama skapi hefur ekki verið gerð sérstök athugun á fjármálum sveitarfélagsins enda enginn sérstakur vandi þar aðkallandi. Sveitarsjóður Húnaþings vestra er ekki stór í sniðum en þar heldur fólk vel á sínu.

Gefið er að félagsleg grunngerð svæðisins sé sterk og samheldin. En þrátt fyrir að sameining sveitarfélaga í Vestur-Húnavatnssýslu í eitt hafi verið erfitt ferli er

lokaniðurstaðan samt mjög jákvæð og hefur styrkt svæðið verulega. Gefin er mikil virkni í mannlífi og frumkvöðlahugsun í atvinnulífi og að heimamenn séu virkir í mótun sinnar eigin velferðar.

Það sem hér hefur verið til umfjöllunar eru aðeins tillögur fyrir stefnumótun sem miða að því að fella saman styrkleika í mannlífi og atvinnusköpun í eina sterkari heild. Í byggðamálum gilda engar skyndilausnir eða töfraráð sérfræðinga. Ríki og sveitarfélög geta reynt að hlaða upp grunn fyrir atvinnulíf og búsetu en í lok dags eru það ávallt einstaklingarnir sjálfir sem byggja.

Heimildaskrá

- Abdel-Rahman, H. og Fujita, M. (1990), „Product Varieties, Marshallian Externalities and City Size“ *Journal of Regional Science*, 30, bls. 165-183.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Arnar Már Ólafsson, Björn Margeir Sigurjónsson og Bergþóra Árnadóttir (2001) *Polmörk ferðamennsku í Þjóðgarðinum í Skaftafelli*. Ferðamálaráð
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Arnar Már Ólafsson, Björn Margeir Sigurjónsson og Bergþóra Árnadóttir (2003) *Polmörk ferðamennsku í friðlandi á Lónsöræfum*. Ferðamálaráð.
- Axel Hall og Ásgeir Jónsson. (2003) *Flug- og ferðaþjónusta á Íslandi: Umfjöllun í tilefni af beiðni Ryanair um lækun gjalda á Keflavíkurflugvelli*. Skýrsla nr: C0308.
- Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson. (2002) *Byggðir og búseta: þéttbýlismyndun á Íslandi*, Haustskýrsla Hagfræðistofnunar 2002.
- Byggðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun Háskólans. (2003) *Fólk og fyrirtæki: Um búsetu og starfsskilyrði á Landsbyggðinni*.
- Duranton, G. og Puga, D. (2001), „From sectoral to functional specialisation,“ <http://dpuga.economics.utoronto.ca/papers/sec2func.pdf>
- Hagstofa Íslands (2003), *Ýmis töluleg gögn um íslenska ferðaþjónustu*, vefsetur Hagstofunnar <http://www.hagstofa.is>
- Hirschman, A. (1958), *The Strategy of Economic Development*, Yale University Press, New Haven.
- Ferðamálaráð. (2003) *Kannanir meðal erlendra ferðamanna 2002*. Vefsetur Ferðamálaráðs. <http://www.ferdamalarad.is>
- Jón Jónsson og Sigurður Atlason (2002). *Grettistak. Menningar- og ferðaþjónustuverkefni í Húnaþingi Vestra*. Sögusmiðjan.
- Jón Magnússon og Sigríður Gróa Þórarinsdóttir (1997). *Svæðisbundin byggðaáætlun, Vestur Húnavatnssýsla 1996-1999*. Byggðastofnun.
- Kjararannsóknarnefnd (1999-2000), *Fréttabréf*, árg. 1999-2001, eintök 116-127, <http://www.kjara.is/default.asp?template=list.asp>

- Krugman, P. (1991). „Increasing Returns and Economic Geography“, *The Journal of Political Economy* 99, nr. 3, bls. 483-499.
- McCann, P. (2001). *Urban and Regional Economics*. Oxford University Press, Oxford.
- Murphy, K. M., Shleifer, A. og Vishny, R. (1989). „Industrialization and the Big Push“, *Journal of Political Economy* 97, nr. 5, bls. 1003-1026.
- Nefnd um heilsutengda ferðapjónustu (2000), *Heilsutengd ferðapjónusta*, Reykjavík, Samgönguráðuneytið.
- Ohlin, B. (1933), *Interregional and International Trade*, Harvard University Press, Cambridge, Mass.
- Puga, D., (1999), „The Rise and Fall of Regional Inequalities,“ *European Economic Review* 43, nr. 2, bls. 303-334.
- Samgönguráðuneytið (2001), *Samgönguáætlun 2003-2014: Tillaga stýrihóps*, Reykjavík, Samgönguráðuneytið.
- Sigríður H. Þórðardóttir (2001), *Starfsumhverfi ferðamálafulltrúa: Viðhorfskönnun meðal ferðamálafulltrúa á þáttum tengdum starfsumhverfi þeirra*, Reykjavík, Byggðastofnun.
- Stefán Ólafsson (1997), *Búseta á Íslandi: Rannsókn á búferlaflutningu*, Reykjavík, Byggðastofnun.
- Sveinn Agnarsson (2002), *Stytting grunn- og framhaldsskóla: Áhrif á einstaklinga, sveitarfélög, ríkissjóð og þjóðarframleiðslu*, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Thomas Ingi Olrich (2001), *Menningartengd ferðapjónusta*, Reykjavík, Samgönguráðuneytið.
- Wassmer, R.W. (Ed.). (2000), *Readings in Urban Economics – Issues and Public Policy* Blackwell Publishers Inc., Oxford.
- Yngvi Þór Loftsson, Hermann Georg Gunnlaugsson, Jón Gauti Jónsson (2002). *Landmótun. Húnaþing Vestra - Aðalskipulag 2002-2014*.

Þjónustuskýrslur

- C90:01 Orkuverð á Íslandi
- C91:01 Gengisstefna í opnu smáríki
- C91:02 Efnahagssamvinna Evrópuþjóða og hagstjórn á Íslandi
- C91:03 Kostnaður og tekjur þjóðfélagsins vegna áfengisneyslu árin 1985–1989
- C91:04 Fjármagnsmarkaður og hagstjórn
- C91:05 Þjóðhagsleg hagkvæmni eflingar leikskóla og lengri skóladags í grunnskóla
- C91:06 Ákvæðisvinna og hlutaskipti í opinberum rekstri
- C91:07 Verðmyndun og þróun matvöruverðs á Íslandi
- C92:01 Áætlun um sparnað á árinu 1992
- C92:02 Framkvæmdir og verktakar
- C92:03 Starfsmenntun og atvinnulífið
- C92:04 Samanburður á heilbrigðisútgjöldum: Fyrri hluti
- C92:05 Neytendur, GATT og verðlag landbúnaðarafurða
- C92:06 Hagkvæmni sameiningar stofnana og fyrirtækja sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- C92:07 Fiskveiðar: Verðmæti og afkoma
- C92:08 Þjóðhagsleg arðsemi menntunar
- C92:09 Þjóðhagslegur ávinningur Hvalfjarðarganga
- C92:10 Mat á þjóðhagslegum ábata almenningsvagna, framhaldskönnun
- C92:11 Tekju- og gjaldaskipting í skráningum og skoðunum ökutækja
- C92:12 Tjónabifreiðar
- C93:01 Rekstur innlánsstofnana á Íslandi
- C93:02 Tannlæknadeild og arðsemi tannlæknamenntunar
- C93:03 Stuðningur íslenskra stjórnvalda við landbúnað
- C93:04 Bókaútgáfa á Íslandi árin 1987–1992
- C93:05 Tekju- og gjaldaskipting í skráningum og skoðunum ökutækja (II)
- C93:06 Fiskvinnsla: Vinnslustöðvar, framleiðsla og útflutningur
- C93:07 Er hagkvæmt að taka upp þrípróf fyrir þungaðar konur?
- C93:08 Útgjöld íslenskra ferðamanna erlendis: Tímabilið október til desember árið 1992
- C93:09 Spálíkan fyrir nokkrar mikilvægar þjóðhagsstærðir, til skamms tíma
- C93:10 Verðnæmi eftirspurnar í innanlandsflugi: kostnaður, verðlagning og afkoma
- C94:01 Staða bílgreinarinnar í íslensku efnahagslífi
- C94:02 Sameining orkufyrirtækja í Borgarfirði
- C94:03 Keflavíkurlflugvöllur: Tekjuöflunarleiðir og markaðssetning
- C94:04 Ísland og Evrópusambandið
- C95:01 Kostnaður vegna umferðarslysa 1993
- C95:02 Bókaútgáfa á Íslandi árið 1993
- C95:03 Investment Opportunities in the Baltic States
- C95:04 Sex matarkörfur
- C95:05 Forathugun vegna könnunar á flutningum eftir vegkerfinu
- C95:06 Kostnaður við Lánasjóð íslenskra námsmanna og eiginfjárstaða sjóðsins um áramót 1994–1995
- C95:07 Samanburður á niðurstöðum OECD-skýrslu og skýrslu Hagfræðistofnunar H.Í.
- C95:08 Bókaútgáfa á Íslandi árið 1994
- C95:09 Framreikningur heilbrigðisútgjalda
- C96:01 Könnun á flutningum eftir vegakerfinu: Áfangaskýrsla nr. 1
- C96:02 Greining arðsemi vetrarþjónustu Vegagerðarinnar
- C96:03 Kostnaður vegna umferðarslysa á Íslandi
- C96:04 Nýjar aðferðir við áhættustjórnun í bankakerfinu: Tillögur um undirbúning og framkvæmd
- C97:01 Staðsetning Reykjavíkurlflugvallar
- C97:02 Menntun, mannauður og framleiðni
- C97:03 Forathugun á skipulagi samgöngumála
- C97:04 Könnun á flutningum eftir vegakerfinu: Áfangaskýrsla nr. 2
- C97:05 Bókaútgáfa á Íslandi árið 1995
- C97:06 Veidigjald og skattbyrði byggðarlaga
- C97:07 Kynslóðareikningar fyrir Ísland
- C97:08 Hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar

- C97:09 Framleiðni innan atvinnugreina á Íslandi 1973–1994: Samanburður við Danmörku og Bandaríkin
- C98:01 Könnun á flutningum eftir vegakerfinu: Áfangaskýrsla nr. 3
- C98:02 Atvinnuáhrif vegna Reykjavíkurlflugvallar
- C98:03 Eftirspurn eftir innanlandsflugi
- C98:04 Tölfræðilegar aðferðir við fasteignamat
- C98:05 Fjármögnun Sundabrautar
- C98:06 Framfærslukostnaður og lögheimilisflutningar íslenskra námsmanna
- C98:07 Kostnaður vegna sjóslysa á Íslandi
- C98:08 Samgöngulíkan fyrir Ísland: Upplýsingar um samgöngur á Íslandi
- C98:09 Yfirlit yfir ritaðar heimildir um hagnýtingu náttúruauðlinda og gjaldtöku fyrir nýtingu þeirra
- C98:10 Tölfræðileg greining á alvarlegum umferðarslysum á Íslandi 1970–1997
- C98:11 Fjármögnunarleiðir heilbrigðisþjónustu
- C99:01 Samgöngulíkan fyrir Ísland: Forgangsröðun hafnarframkvæmda
- C99:02 Áhrif kvótæignar á verðmæti sjávarútvegsfyrirtækja
- C99:03 Könnun á flutningum eftir vegakerfinu: Áfangaskýrsla nr. 4
- C99:04 Kostnaður vegna slysa á börnum á Íslandi
- C99:05 Samgöngulíkan fyrir Ísland: Áfangaskýrsla nr. 1
- C99:06 Implications of Responsible Post Harvesting Practices on Responsible Fishing
- C99:07 Discarding Catch at Sea
- C99:08 Samanburður á lífskjörum á Íslandi og í Danmörku
- C99:09 Kjaravísitölur Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, 1990–1999
- C99:10 Framleiðni íslenskra atvinnuvega
- C99:11 Þjónustugjöld í flugi
- C00:01 Vöruflutningar á íslenskum þjóðvegum
- C00:02 Könnun á flutningum eftir vegakerfinu: Áfangaskýrsla nr. 5
- C00:03 Samgöngulíkan fyrir Ísland: Samgöngur á Íslandi í lok 20. aldar
- C00:04 Retirement in the Nordic Countries: Prospects and Proposals for Reform
- C01:01 Reykjavíkurlhöfn; Efnahagslegt vægi og umhverfi
- C01:02 Greinargerð um efnahagslega og samfélagslega þætti matskýrslu um umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar
- C01:03 Greinargerð um efnahagslega og samfélagslega þætti matskýrslu um álver í Reyðarfirði
- C01:04 Auðlindagjald og skatttekjur ríkisins
- C01:05 Fjárstreymi í samgöngum
- C02:01 Stytting grunn- og framhaldsskóla
- C02:02 Auðlindagjald og skatttekjur ríkisins
- C02:03 Samkeppnisstaða land- og sjóflutninga
- C02:04 Kostnaður og ábati kerfisbundinnar skimunar eftir krabbameini í ristli og endaparmi
- C03:01 Fólki og fyrirtæki: Um búsetu og starfsskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni
- C03:02 Aðstæður á sementsmarkaði á Íslandi
- C03:03 NA
- C03:04 Kostnaður vegna reykinga á Íslandi árið 2000
- C03:05 Áhrif siglinga á Jökulsám á atvinnu í Skagafirði og þjóðarhag
- C03:06 Áhrif rýmri veðheimilda Íbúðalánasjóðs á húsnæðisverð og hagstjórn
- C03:07 Menntareikningar
- C03:08 Flug- og ferðaþjónusta á Íslandi: Umfjöllun í tilefni af beiðni Ryanair um lækkun gjalda á Keflavíkurlflugvelli
- C04:01 Eftirlitsiðnaðurinn á Íslandi – kostnaður og ábati
- C04:02 Mat á þjóðhagslegri hagkvæmni Vestmannaeyjaganga
- C04:03 Samanburður á matvælaverði á Íslandi, Norðurlöndunum og ríkjum Evrópusambandsins
- C04:04 Hagræn stefnumótun fyrir Húnaþing vestra

Rannsóknarskýrslur

- R93:01 Utvärdering av Vestnordefonden
- R93:02 Framleiðni fyrirtækja
- R94:01 Small National Markets in Transition: The Case of Iceland
- R94:02 The Icelandic and the Faroese Economies: A Comparison of the Fishing Sectors
- R94:03 Energy Demand in Iceland

- R94:04 Input-Output Model for the Electricity Supply Industry in Iceland
 R95:01 Trade Between Iceland and the Soviet Union 1953-1996: Rise and Fall of Barter Exchange
 R96:01 Savings, Risk Diversification, and Economic Growth in Iceland
 R97:01 Infrequent Trading and the Stock Index: A Kalman Filter Approach to Estimation
 R97:02 Stúdentar af hugsjón?
 R98:01 Vinnumarkaðurinn og EMU
 R98:02 Um ávöxtun og núvirðingu
 R98:03 Þjóðhagslíkan Hagfræðistofnunar: Áfangaskýrsla nr. 1
 R99:01 Reassessing Iceland's Public Sector Pension Liabilities
 R00:01 Retirement in the Nordic Countries
 R00:02 Þróun kynslóðareikninga fyrir Ísland milli ára 1994 og 1998
 R00:03 Stjórnun fiskveiða á Íslandi
 R01:01 Demographic change in Iceland and its impact on the social security system and health care expenditure
 R01:02 Íslendingar og ófarirnar í raforkumálum í Kaliforníu
 R01:03 The electricity supply industry in Iceland
 R03:01 Mat á þjóðhagslegum kostnaði vegna líkamstjóns í umferðarslysum
 R04:01 Wetlands in Iceland: An overview and future perspectives

Bækur

- B92:01 Peningar og gengi: Greinasafn um hagstjórn og peningamál á Íslandi, Guðmundur Magnússon
 B95:01 Ísland og Evrópusambandið: Skýrslur fjögurra stofnana Háskóla Íslands
 B97:01 Frjálsræði í efnahagsmálum: Ársskýrsla 1997
 B99:01 Sources of Economic Growth, Tryggvi Þór Herbertsson
 B99:02 Individual Transferable Quotas in Theory and Practice, Ragnar Árnason og Hannes Hólmsteinn Gissurarson (ritstj.)
 B00:01 Velferð og viðskipti: Um eðli og orsakir viðskiptahalla
 B00:02 Macroeconomic Policy. Iceland in an Era of Global Integration: Már Gudmundsson, Tryggvi Thor Herbertsson, and Gylfi Zoega (eds.)
 B01:01 Tax competition. An Opportunity for Iceland? Hannes H. Gissurarson, Tryggvi Thor Herbertsson
 B01:02 Tekjuskipting á Íslandi. Þróun og ákvörðunarvaldar. Haustskýrsla 2001. Ásgeir Jónsson, Ásta Herdís Hall, Gylfi Zoëga, Marta Skúladóttir, Tryggvi Þór Herbertsson
 B02:01 Byggðir og búseta: Þéttbýlismyndun á Íslandi. Haustskýrsla 2002. Axel Hall, Ásgeir Jónsson, Sveinn Agnarsson
 B03:01 Fólki og fyrirtæki: Um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni
 B03:02 Fjármögnun og rekstur heilbrigðisþjónustu. Haustskýrsla 2003. Axel Hall, Sólveig F. Jóhannsdóttir